

## Fundargerð Stýrihóps um innleiðingu ISPS – kóða á Íslandi.

10. fundur, 15. janúar 2004 haldinn í samgönguráðuneyti, kl. 15.00 - 17.30

Mætt: Thomas Möller formaður, Hörður Blöndal, Jón Þorvaldsson, Gísli Viggósson, Ari Guðmundsson, Dagmar Sigurðardóttir, Guðmundur Ómar Þráinsson, Ólafur Briem, Helga Jónsdóttir, Sigurður Skúli Bergsson, Már Sveinbjörnsson, Sigurbergur Björnsson og Unnur Sverrisdóttir.

1. Formaður setti fundinn. Farið var yfir gang mála í innleiðingu reglnanna. GV upplýsti að áhættumöt bærust stofnuninni þessa dagana og verkáætlanir samkvæmt áfangaskýrslu stæðust nokkuð vel. Hann sagði að tafir hefðu orðið á bakgrunnskoðunum lögreglu og því hefði ekki verið hægt að tilnefna verndarfulltrúa. GÓP sagði að unnið væri að málinu hjá Ríkislögreglustjóra og vonandi yrði það leyst í næstu viku.

ÓB varpaði fram þeirri hugmynd að þegar þessi hópur hefði skilað af sér yrði búinn til nýr vettvangur svo hægt væri að fylgja málinu eftir alla leið, þ.e. til 1. júlí 2004 og jafnvel lengur er þörf verður á. Samþykkt að stýrihópurinn gerði tillögu þessa efnis til ráðuneytisins í lokaskýrslu sinni.

2. Farið var yfir áfangaskýrsluna og komu fram nokkrar athugasemdir sem taka verður til skoðunar fyrir útgáfu lokaskýrslunnar. Jafnframt er eftir að prófarkalesa skýrsluna.

3. Farið var yfir drög að lagafrumvarpi. Nokkrar athugasemdir hafa komið fram m.a. frá Landhelgisgæslu og Ríkislögreglustjóra og verða þær teknar til skoðunar. Helstu umræðurnar urðu um gjaldaákvæði frumvarpsins.

Fjárhagsáætlanir vegna innleiðingarinnar hafa borist frá Akureyrarhöfn, Landhelgisgæslu, Siglingastofnun og Ríkislögreglustjóra.

4. Að lokum var farið yfir verkefni hópsins framundan og rætt hvenær hann gæti skilað lokaskýrslu.

### **Niðurstaða fundarins:**

US og SB falið að koma hugmyndinni um framhaldshóp um innleiðingu siglingaverndar á framfæri innan ráðuneytisins.

Veittur var frestur til að koma að lokaathugasemdum við skýrsluna til 22. janúar n.k. SB falið að taka við athugasemdum og ljúka við frágang skýrslunnar.

ÓB, HB og US falið móta tillögu að nýju gjaldaákvæði í frumvarpinu. US falið í framhaldi af því að ljúka frágangi lagafrumvarpsins.

Verklok og næsti fundur ákveðinn 27. janúar n.k. í samgönguráðuneyti kl. 15.